

18. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 1863.
yfir Íslandi, um uppboð á hörðum fiski, sem áskil- 3. marzm.
inn er í landskuld af jörðum á Vestmannaeyjum.

Í bræfi 6. ágúst. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, beðið um samþykki dómsmálastjórnarinnar til þess, að þér hafið boðið sýslumanninum á Vestmannaeyjum, samkvæmt uppástungu hans, að hætta framvegis að halda uppboð, svo sem að undanfögnu hefir tíðkæzt, á þeim hörðum fiski, sem leiguliðarnir á konungsjörðum þar á eyjunum eiga að gjalda, en sem þeir í raun og veru gjalda í öðrum vörutegundum, þaræð harður fiskur er þar eigi til, og að láta í stað þess leiguliðana, ef þeir ekki geta borgað landskuld sína í peningum eptir verðlagsskrá, greiða gjald þetta til sýslumanns í gjaldgengum verzlunarvörum, er metnar sè eptir verði á hörðum fiski í verðlagsskrá, og skuli hann síðan sæta lagi annaðhvort að selja vörurnar verzlunarmönnum eður að selja þær við opinbert uppboð upp á samþykki amtmanns; svo hafið þér og lagt það til, að í þetta skipti megi við svo búið standa við sölu þá, er fram fór við uppboðsþing 6. júní f. á., þá er Bryde kaupmaður hlaut hamarshögg upp á hinn svo nefnda afgjaldsfisk, fyrir 19 rdl. 48 sk. skippundið.

Í þessu efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið, eptir því sem þér hafið skýrt frá atvikum málsins, fellst á ofangreindar uppástungur yðar í öllum greinum.

19. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 10. marzm.
yfir Íslandi, um borgun til alþingisforseta fyrir
störf eptir þinglok og um ávísun alþingiskostnaðar.

Í bræfi 23. júlím. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt gjör frá um borgun þá, er alþingisforsetinn árin 1859 og 1861 hafði reiknað sèr fyrir störf þau, er hann hafði haft á hendi fyrir þingið eptir þinglok; hafið þér látið það álit í ljósi um málefni þetta í heild sinni, að ef það ekki verði álitin skylda

1863.

10. marzm.

forseta eptir stöðu hans, að afgreiða borgunarlaust þau mál-efni, sem eptir eru þegar þingi er slitið, þá virðist yður réttara, að til borgunar fyrir þetta sé ákveðin viss upphæð, er ekki ætti að fara fram úr 50 rd. fyrir hvert þing; hafið þér og í sambandi við þetta stungið upp á, að stiptamtmani verði falið á hendur að ávísa til útgjalds alla þá reikninga, sem koma eptir þinglok og snerta alþingi; þó sé vitaskuld, að forseti þingsins eigi áður að hafa ritað á þá vottorð sitt um, að þeir sé réttir.

Í þessu efni skal yður kunngjört, að dómsmálastjórnin fellst á hina síðast nefndu uppástungu, svo að öll þau gjöld, er alþingi snerta og eigi eru greidd fyrri en eptir þinglok, upp frá þessu skulu ávísað af stiptamtmani, í stað þess að forseti alþingis hefir að undanfögnu ávísað þau, og eruð þér beðnir að kunngjöra þetta landfógetanum og forseta á hinu næsta alþingi. En hvað það snertir, hvort forseti eigi heimting á nokkurri, og þá hverri borgun fyrir störf hans fyrir þingið eptir þinglok, þá verður stjórnarráðið að álíta réttast, að þetta atriði verði borið undir álit alþingis þess, sem haldið verður í sumar komandi, og biður yður því, herra stiptamtmaður, að hlutast til við konungsfulltrúa um þær ráðstafanir, er þarf í þessu efni, og ber að leggja fyrir þingið skýrslu um, hvernig forseti á alþingi síðustu árin hefir reiknað sér borgun fyrir störf sín.

10. marzm. **20. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um leyfi til að fá lán handa Reykjavíkur bæjarsjóði.**

Í skjali nokkru, er þér, herra stiptamtmaður, senduð dómsmálastjórninni með bréfi yðar, dagsettu 22. d. júlím. f. á., hefir bæjarstjórnin í Reykjavík skýrt frá, að tekjur bæjarsjóðsins fáiist svo seint, að það beri opt við, einkum fyrri hluta ársins, að ekki sé fæ til í sjóðnum til þeirra gjalda, er fyrir falla, svo að gjaldkerinn opt sé neyddur til að lána sjóðnum til bráðabyrgða af sínu eigin fæ og bíða eptir endurgjaldi þess